

Diane Gossen

Mitt og þitt hlutverk

**Þýtt og staðfært:
Magni Hjálmarsson**

Álftanesi 2003

**MY JOB YOUR JOB
MITT OG ÞITT HLUTVERK**

Vefútgáfa - Réttindi áskilin

En bók þessa má afrita að hluta eða heild,
án skriflegs leyfis útgefanda.

Diane Gossen

Íslensk útgáfa 2003

Magni Hjálmarsson



Eyvindarholti - 225 Bessastaðahreppi

- www.sunnuhvoll.com
- GSM: 860 7470
- magni.hjalmarsson@simnet.is

HLUTVERKASKIPTING

Að greina hlutverkaskiptingu er í raun fólgið í að lýsa því hvað hver og einn á að gera, hvað er á hans könnu í skólanum eða í verkahring hans. Þetta er eitt af því sem gerir starfsfólk öruggara við að taka þátt í breytingunum.

Engum líður vel í óvissu hlutverki og þetta er sérstaklega áriðandi þegar verið er að breyta og taka upp nýja samskiptahætti eins og að innleiða uppbyggingarstefnuna og þegar mikil breyting verður á hlutverki skólastjórans, er hann dregur úr miðstýringu og fyrirskipunum og gerist leiðtogi - verður fremstur í jafningjahópi.

Uppbyggingarstefnan miðar að því að starfsfólkið vinni náið saman og leysi mál í eindrægni. Sá sem er vanur að hugsa um stjórnun skóla sem stigveldisstjórnun þar sem skólastjórnin gefur fyrirmæli og aðrir fylgja þeim, gæti orðið hræddur við að fara inn í þessa hugsun um verkaskiptingu sem hér er sýnd og óttast þá gagnrýni og aðrar refsingar fyrir að standa sig ekki í stykkinu.

Reynsla okkar af því að fara í gegnum þetta ferli með starfsfólki og kennurum skóla og skilgreina verkaskiptinguna eins og sýnt er í þessu hefti er hins vegar góð. Flestir vilja taka þátt og fáir draga lappirnar, því mönnum finnst það yfirleitt gefa sér öryggi að vita til hvers ætlast er af þeim í samvinnunni.

HLUTVERK LEIÐTOGANS

Það verður hlutverk leiðtogans að koma auga á það þegar einhver er óviss í hlutverki sínu. Þegar það gerist þarf hann að vera fær um að aðstoða viðkomandi við að gera sér skýra grein fyrir því hlutverki sem honum er ætlað og hvað hann þarf að hafa að leiðarljósi. Leiðtoginn getur notað ýmsar aðferðir:

- Hann þarf að átta sig á og viðurkenna að vandamálið er að viðkomandi gerir sér óljósa grein fyrir hlutverki sínu í breytingaferlinu. Sú viðurkenning skapar möguleika á að árekstrar í samskiptum verði lærdómsríkir og þannig jákvæðir.
- Hann þarf að spyrja spurninga til að fólk skapi sér eigin hugmyndir um jákvæð markmið.
- Gefa þarf upplýsingar um markmið/tilgang/óskir/vonir/þrár.
- Tengir saman hugmyndir sínar og hópsins sem getur hjálpað til við að skýra og skilgreina stjórnunarmarkmið út frá reynslu sinni.

STJÓRNANDI & STARFSMAÐUR

Stjórnandi	Kennari
<p>Mitt hlutverk er að:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Leiða starfið ▪ Ákvarðanir (ákveða stefnu skólans) ▪ Halda uppi aga ▪ Sinna samskiptum (starfsmenn, nemendur, samfélag, foreldrar) ▪ Sýna öllum virðingu ▪ Aðstoða við að koma reglu á hlutina. 	<p>Þitt hlutverk er að:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Kenna ▪ Vera samvinnuþýður við ákvörðunartöku ▪ Halda uppi aga ▪ Sinna samskiptum ▪ Sýna virðingu ▪ Styðja stefnu skólans
<p>Mitt hlutverk er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vísa á aðra ▪ Leyna upplýsingum ▪ Að vera fjarverandi á skólatíma ▪ Að útiloka samfélagið ▪ Víkjast undan ábyrgð 	<p>Hlutverk þitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að útiloka samfélagið ▪ Að sýna nemendum eða samstarfsfólki óvirðingu eða hæða það eða uppnefna ▪ Víkjast undan ábyrgð

Foreldri & Skóli

Foreldri	Skóli
<p>Mitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Eiga samskipti við skólann ▪ Undirbúa barnið fyrir skólann (heilbrigði, hvíld, fæði og klæði, skólavörur, efla sjálfstraust) ▪ Jákvætt viðhorf til menntunar ▪ Styðja við heimanám barnsins með kennara þess ▪ Taka þátt með skólanum ▪ Hvetja barnið til dáða í námi ▪ Eiga samskipti við kennara 	<p>Hlutverk þitt er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Koma fram við börnin af virðingu ▪ Eiga samvinnu við foreldra ▪ Hlusta á þegar foreldrar vilja tala um börnin sín ▪ Skapa skilyrði svo námsþörfum barnanna sé hægt að sinna ▪ Skapa öruggt og umhyggjusamt andrúmsloft ▪ Gera allt til að auðvelda lausnir á vandamálum ▪ Stuðla að sjálfstrausti nemenda í námi ▪ Kenna undirstöðuatriði ▪ Viðurkenna mikilvægi sjálfstrausts í samskiptum og efla það
<p>Hlutverk mitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vinna heimavinnu barnsins ▪ Gagnrýna skólann að barninu ásjáandi ▪ Taka fram fyrir hendur kennarans 	<p>Hlutverk þitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Barnapössun ▪ Láta foreldra eina um að leysa vandamál sem varða skólann ▪ Gefa börnunum að borða

Foreldri & barn

Foreldri	Barn
<p>Mitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Útvega lífsnauðsynjar ▪ Móta fjölskyldureglur ▪ Fylgja þeim eftir ▪ Hlusta ▪ Innprenta siðræn gildi ▪ Gefa tíma fyrir heimavinnu ▪ Gefa barninu tíma til að sinna eigin þörfum og áhugamálum ▪ Skapa andrúmsloft skilyrðislausrar ástar og umhyggju 	<p>Þitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Móta með okkur fjölskyldureglur ▪ Hlusta ▪ Læra ▪ Virða okkur (foreldrana) ▪ Vinna heimavinnuna þína ▪ Taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum
<p>Hlutverk mitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Lesa hugsanir ▪ Taka við móðgunum ▪ Móðga eða niðurlægja ▪ Þvinga 	<p>Hlutverk þitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að móðga eða niðurlægja mig (foreldri) ▪ Að gera það sem ég á að gera ▪ Bera ábyrgð á mér (foreldri)

Kennari yngsta stigs & Nemendur

Kennari	Nemandi
<p>Mitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Koma undirbúinn ▪ Vera stundvís ▪ Skipuleggja ▪ Skapa jákvætt námsumhverfi ▪ Efla sjálfstraust nemenda ▪ Koma til móts við þarfir nemenda ▪ Afla mér bestu menntunar 	<p>Þitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Koma undirbúinn ▪ Vera undir minni umsjá ▪ Hlusta ▪ Sýna öllum fulla virðingu ▪ Fylgja reglum ▪ Vera jákvæður ▪ Ljúka verki á tilsettum tíma ▪ Vera samvinnuþýður við alla
<p>Hlutverk mitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vera barnapía ▪ Að dæma ▪ Að æsa mig út af námskránni ▪ Að leysa vandamál fyrir nemendur ▪ Að láta nemendur sitja eftir ▪ Að sinna starfi húsvarðar ▪ Að skipta mér af klæðatísku ▪ Að hlusta á kjaftasögur, slúður 	<p>Hlutverk þitt er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vera gagnrýninn eða láta slíkt yfir þig ganga ▪ Að segja öðrum til um hegðun eða annað sem þeir eiga að gera ▪ Að bera út slúður ▪ Að vinna verk annarra

Almennur kennari & Nemandi

Kennari	Nemandi
<p>Mitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að kenna ▪ Að læra ▪ Taka þátt í að setja reglur ▪ Meta vinnu nemenda ▪ Kenna sjálfsmat ▪ Fylgja eftir reglum, setja mörk 	<p>Þitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að læra ▪ Taka ákvarðanir ▪ Gera áætlanir ▪ Taka þátt í að setja reglur ▪ Gefa mér eitthvað til að meta ▪ Læra að meta eigin framlag ▪ Fylgja settum reglum
<p>Mitt hlutverk er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að láta þig læra ▪ Fljúgast á við krakka ▪ Móðga eða taka við móðgunum 	<p>Þitt hlutverk er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vinna mitt starf ▪ Að siða aðra til ▪ Að taka við móðgunum eða móðga

Kennari á miðstigi & Nemendur

Kennari	Nemandi
<p>Hlutverk mitt er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Meta árangur/áhuga vegna framhalds á unglíngastigi ▪ Að kenna (leiða námið) ▪ Samhæfa kennslu mína kennslu annarra ▪ Viðurkenna það sem vel er gert ▪ Halda áfram að læra ▪ Vera í sambandi við foreldra ▪ Vinna með opnum huga ▪ Vera fyrirmynd um samvinnu ▪ Vera undirbúinn ▪ Sýna virðingu, umhyggju, hlusta ▪ Að meta sjálfur eigin vinnu ▪ Vera glaðsinna ▪ Fylgja eftir reglum, skrá agabrot 	<p>Þitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Meta eigin framkomu ▪ Að læra ▪ Að leggja þig fram ▪ Gera þitt besta ▪ Vera undirbúinn ▪ Jákvæður ▪ Virða alla í skólanum ▪ Koma með opnum huga ▪ Áreiðanlegur, þrifa eftir þig ▪ Vera sveigjanlegur ▪ Glaðsinna ▪ Að hlusta, láta þig varða, ▪ Vera samvinnufús ▪ Meta eigin vinnu
<p>Það er ekki mitt ...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að redda öllu ▪ Að vera harðstjóri ▪ Að vera óbreytanlegur ▪ Að hreinsa eftir nemendur ▪ Að útvega nemendum mat eða annað ▪ Að vera í barnapössun 	<p>Það er ekki þitt ...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að veina ▪ Að skemma og eyðileggja ▪ Að fara í hlutverk mitt eða annarra ▪ Að meta aðra ▪ Að einoka tíma kennarans

Unglingadeildarkennari & nemendur

Kennari	Nemandi
Hutverk mitt er... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Gefa upplýsingar ▪ Gera kennsluna áhugaverða og skemmtilega ▪ Bera virðingu fyrir nemendum ▪ Vera undirbúinn ▪ Fylgja reglum ▪ Beita viðurlögum, skrá brot ▪ Leiðbeina nemendum (sýna, útskýra) ▪ Vera sanngjarn, fastur fyrir og samkvæmur sjálfum mér. ▪ Skapa jákvætt, umhyggjusamt, öruggt umhverfi ▪ Að kenna tækni til sjálfsmats 	Hlutverk þitt er... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Tileinka þér þekkingu ▪ Virða kennarann og aðra ▪ Ná einbeitingu, hlusta ▪ Koma undirbúinn (viðhorf, dót) ▪ Halda þig að verkefnavinnu ▪ Fylgja reglum og leiðbeiningum ▪ Koma stundvíslega í kennslustundir ▪ Að hjálpa samnemendum ▪ Að læra uppbyggingu
Hlutverk mitt er EKKI... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vera í barnagæslu ▪ Að taka við móðgunum og dónaskap eða sýna slíkt ▪ Að útvega daglega nauðsynleg gögn til skólans (penna ofl.) ▪ Vinna þína vinnu ▪ Að hylma yfir ▪ Að "láta" þig gera eitthvað. 	Hlutverk þitt er EKKI... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að taka við móðgunum og dónaskap eða sýna slíkt ▪ Fela það ef þú skilur ekki - spurðu ▪ Að segja mér hvað ég á að gera eða gera það sem ég á að gera ▪ Að ákveða fyrir aðra en þig

Skólaliði & Bekkjarkennari

Skólaliði	Bekkjarkennari
Hlutverk mitt er að... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Gæsla í frímínútum ▪ Vera til taks ef þú þarft að vísa nemanda úr tíma ▪ Gefa börnunum öryggiskennd ▪ Skilja reglur á leikvelli ▪ Stöðva slagsmál og rifrildi ▪ Ræða við kennara og nemendur ▪ Vinna með opnum huga ▪ Hlusta eftir þörfum og löngunum allra ▪ Vísa til þín málum sem ég sætti mig ekki við 	Þitt hlutverk... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Skilja reglur á leikvelli ▪ Styðja ákvarðanir okkar á vaktinni ▪ Sjá um að ræða við aðra kennara um nemendur þína ▪ Rifja upp skólareglur með nemendum ▪ Tengja skólareglur við lífsgildi ▪ Kalla í okkur á sáttafund til að ljúka málum sem við höfum þurft að vísa til þín
Það er ekki mitt... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að taka við móðgunum eða dónaskap ▪ Að tína upp eftir nemendum ▪ Að skammast 	Það er ekki þitt... <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að bera ábyrgð á nemendum í frímínútum ▪ Að leiðbeina okkur fyrir framan nemendum ▪ Að skammast

Gæsla í frímínútum & Nemandi

Skólaliði	Nemandi
<p>Mitt hlutverk</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Gæta barnanna ▪ Gefa þeim öryggiskennd ▪ Stöðva áflog og rifrildi ▪ Brýna raustina ef þarf ▪ Halda ró minni ▪ Leiðbeina ▪ Skilja reglur ▪ Hlusta á langanir og þarfir-lána eyra. ▪ Rifja upp reglur með nemendum ▪ Styðja og hughreysta ▪ Hugga ef einhver meiðist ▪ Vísa málum áfram sem ég sætti mig ekki við 	<p>Þitt hlutverk</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Fara eftir öryggisreglum ▪ Ekki slást/ræða báðar hliðar ▪ Skiptast á að nota leiktækin ▪ Láta steina liggja á jörðinni ▪ Skilja reglur ▪ Taka mér vel þegar ég þarf að skipta mér af.
<p>Hlutverk mitt er EKKI ...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Sendast eftir hlutum fyrir nemendur ▪ Taka við móðgunum eða dónaskap ▪ Skammast ▪ Standa á öskrinu ▪ Hylma yfir brot 	<p>EKKI þitt að...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Stöðva slagsmál með líkamsbeitingu ▪ Að vinna mitt starf ▪ Að móðga einhvern ▪ Að grípa fram í þegar ég þarf að skipta mér af einhverjum. ▪ Að slóra

Kennari & Stuðningsfulltrúi

Kennari	Stuðningsfulltrúi
<p>Mitt hlutverk...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Útbúa námskrá fyrir stuðningsfulltrúann til að nota með barninu ▪ Sjá um leiðsögn og endurgjöf á frammistöðu stuðningsfulltrúa ▪ Gefa foreldrum upplýsingar um framvindu mála ▪ Halda utan um nám barnsins ▪ Vinna með öðrum kennurum við ákvarðanir ▪ Leggja mat á prófanir ▪ Þjálfva stuðningsfulltrúa 	<p>Hlutverk þitt ...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Vinna með nemendum með sérþarfir. ▪ Að aðstoða sérkennara í starfi hans ▪ Halda dagbók um vinnu og framfarir nemanda. ▪ Ræða reglulega við kennara um framfarir nemanda. ▪ Leggja fyrir skyndipróf ▪ Halda uppi aga ef þörf er á ▪ Fylgja eftir vinnusamningi ef þarf ▪ Vera undirbúinn
<p>Mitt hlutverk er EKKI...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að vinna á leikvellingum ▪ Reka nemendur sem trufla 	<p>EKKI þitt...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Leggja fyrir lokapróf ▪ Vinna frameftir án borgunar ▪ Ákveða námskrá nemanda ▪ Beita líkamskröftum við að fjarlægja barn ▪ Taka við móðgunum eða dónaskap ▪ Segja kennara hvernig á að kenna

Skólaliði í matsal & Kennari

Skólaliði	▪ Kennari
Hlutverk mitt er...	Þitt hlutverk er...
EKKI mitt að...	EKKI þitt að ...

Sérgreinarkennari & Bekkjarkennari

Hlutverk mitt er...	Þitt hlutverk er...
EKKI mitt að...	EKKI þitt að ...

Matráður og starfsmenn sem borða í mötuneyti

Matráður	Starfsmaður
<p>Hlutverk mitt er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Sjá um mat og kaffi fyrir starfsmenn skólans. ▪ Sjá um frágang og uppvask. ▪ Plástra ▪ Þrifa 	<p>Þitt hlutverk er...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Skrá þig á matarlista fyrirfram. ▪ Skrá þegar þú færð þér með kaffinu ▪ Ganga vel um og auðvelda mér þannig starfið.
<p>EKKI mitt að...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Vinna þitt verk. 	<p>EKKI þitt að ...</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Vinna mitt verk. ▪

Skólaráðgjafi/ Verkefnisstjóri í UBS	Kennari
<p>Mitt hlutverk:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Halda námskeið fyrir nýliða ▪ Halda samræmingarfundi með gamalgrónum ▪ Koma inn í bekki eftir þinni ósk ▪ Skrifa leiðbeiningar í lífsleikni/uppbyggingu ▪ Skrifa leiðbeiningar um bekkjarstjórn/uppbyggingu ▪ Halda reglulega stuðningsfundi með hópum kennara við að innleiða uppbyggingu í bekkjunum ▪ Vera til taks ef þú vilt vísa nemendum til mín vegna ósættis þeirra við þig eða aðra ▪ Vera til ráðuneytis ef þú ert sjálf(ur) í vanda vegna ósættis ▪ Vinna með einstökum börnum eftir þinni ósk og foreldra ▪ Kynna hugmyndirnar með þér fyrir foreldrum í bekknum þínum ▪ Vera til ráðuneytis ef óskað er á fundum með foreldrum og börnum 	<p>Þitt hlutverk:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Sækja námskeið ef skólastjórinn óskar ▪ Vera sem virkastur þegar ég kem í heimsókn í bekkinn ▪ Beita þér mér til hjálpar í bekknum þínum, ef þar eru erfiðir nemendur sem sýna mér óvirðingu ▪ Hafa samband við foreldra þegar nemandi í þínum bekk hefur gert uppbyggingaráætlun ▪ Lesa þér til og prófa þig áfram ▪ Styðja stefnu skólans ▪ Vera skapandi ▪ Vera samvinnuþýður ▪ Vera góðviljaður í minn garð þó ég geri mistök
<p>EKKI mitt hlutverk:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Vera fullkominn ▪ Fara í vinsældaleik 	<p>EKKI þitt hlutverk:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Vera fullkominn ▪ Fara í vinsældaleik